

**3257. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 16. júlí 2015 og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **1501219 - Fundargerðir 2015 - Samband ísl. sveitarfélaga**  
Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga nr. 829 frá 3. júlí 2015.  
*Lögð fram til kynningar.*
2. **1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**  
788. mál um húsnæðisbætur.  
*Frumvarpið lagt fram.*
3. **1411074 - Langtímaveikindi starfsmanna 2015 - ráðstöfun fjármuna (veikindapottur)**  
Tillaga um úthlutun úr veikindapotti Akraneskaupstaðar til stofnana á velferðar- og mannréttindasviði og skóla- og frístundasviði.  
*Bæjarráð samþykkir að úthluta samtals kr. 16.011.392 úr veikindapotti Akraneskaupstaðar eða 75% af heildarupphæð umsókna.*  
  
*Samtals kr. 8.192.051 til stofnana á skóla- og frístundasviði og samtals kr. 7.819.340 til stofnana á velferðar- og mannréttindasviði.*  
  
*Bæjarráð felur sviðsstjórum að forgangsraða fjármagni í samráði við viðkomandi forstöðumenn. Bæjarráð óskar jafnframt eftir greinargerð frá sviðsstjórum um áhrif veikinda á starfsemi stofnana á þeirra sviðum. Greinargerðinni skal skilað 1. september næstkomandi.*
4. **1507056 - Reglur um lóðaúthlutanir**  
Reglur um lóðaúthlutanir lagðar fram til samþykktar.  
*Bæjarráð samþykkir reglurnar.*
5. **1506168 - Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald og tengigjald fráveitu**  
Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald og tengigjald fráveitu lögð fram til samþykktar.  
*Bæjarráð samþykkir gjaldskrána og felur skipulags- og umhverfisráði að skoða breytt nýtingarhlutfall á einbýlishúsalóðum í Skógarhverfi II með hliðsjón af endurskoðaðri gjaldskrá.*

**6. 1507062 - Mat á mannvirkjum á Sementsreit**

Starfshópur um Sementsreit óskar eftir því við bæjarráð að samþykkja tilboð Mannvits um mat á ástandi mannvirkja á Sementsreit, samtals kr. 1.540.000.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

**7. 1411142 - Menningarmál - umsögn**

Umsögn Hvalfjarðarsveitar vegna úttektar á menningarmálum hjá Akraneskaupstað.

*Bæjarráð þakkar fyrir umsögnina og felur bæjarstjóra að svara þeim spurningum sem fram koma í umsögninni.*

**8. 1507059 - Landamerki Ytri Hólms og Akraneskaupstaðar**

Erindi Ingólfs Árnasonar vegna annmarka á landmerkingu Ytra Hólms og Akraneskaupstaðar við Akrafjall.

*Bæjarráð þakkar fyrir erindið og vísar því til úrvinnslu á skipulags- og umhverfissviði.*

**9. 1411125 - Írskir dagar 2015**

Fjölskylduhátíðin Írskir dagar.

*Bæjarráð þakkar starfsmönnum, fyrirtækjum og einstaklingum sem komu að framkvæmd Írskra daga árið 2015, fyrir afar metnaðarfulla og vandaða dagskrá.*

**10. 1507013 - Fasteignamat 2016**

Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir árið 2016.

*Fasteignamat 2016 lagt fram.*

**11. 1503071 - Íslandsmótið í golfi 2015**

Golfklúbburinn Leynir óskar eftir því að þátttakendur Íslandsmótsins fái frítt í sund á meðan keppni stendur yfir, frá 23. - 26. júlí næstkomandi.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

**12. 1507027 - Forsendur vinnslu fjárhagsáætlunar 2016**

Minnisblað til sveitarstjórna og starfsmanna sveitarfélaga um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2016 og fjárhagsáætlun til þriggja ára.

*Minnisblaðið lagt fram og verður sent til fagraða Akraneskaupstaðar til upplýsinga.*

**13. 1507021 - SSV - fyrirtækjakönnun**

Niðurstöður fyrirtækjakönnunar á vegum Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi.

*Lagðar fram til kynningar.*

RA' OA

LS

**14. 1503235 - Spölur - eignarhaldsfélag 2015**

Bréf Spalar hf. dags. 23. júní 2015, þar sem gerð er grein fyrir greiðslu arðs til hluthafa fyrir árið 2014.

*Lagt fram.*

**15. 1503141 - Faxaflóahafnir sf.**

Bréf Faxaflóahafna sf. dags. 24. júní 2015, þar sem gerð er grein fyrir greiðslu arðs til hluthafa fyrir árið 2014.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:20.**

*Ólafur Þorláksson*  
*Jónbjörg Valdimarsd.*  
*Vilborg Þ. Guðbjartsd.*  
*Valdís Eyrjólfsdóttir*  
*Jónbjörg Þ. Leunadóttir*  
*Ragnína Ásvaeldi dóttir*  
*Sorais Alexia Sigurmundsdóttir*